

Fimmtudaginn 10. nóvember 1960.

Nr. 2/1960. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar** (Bárður Jakobsson hdl.)  
 gegn

**Landssambandi ísl. útvegsmanna vegna Guðmundar Jónssonar.**

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Tryggingar: Ákvæði kjarasamnings um skyldu útgerðarmanna til ábyrgðartryggingar talið fullnægt með því, að útgerðarmaður keypti tryggingu gegn þeirri einkaréttar-ábyrgð, er á atvinnurekandanum hvíldi vegna útgerðar.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 27. maí þ. á. af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna f. h. Guðmundar Jónssonar.

Í stefnu gerði stefnandi þær dómkröfur, að stefnda yrði dæmt að greiða kr. 600.000.00, bætur vegna Björns Antoniussonar, sem fórst með m/b Rafnkeli hinn 6. janúar 1960, ásamt vöxtum frá birtingu stefnu til greiðsludags.

Jafnframt krafðist hann þess, að dæmt yrði, að skilja bæri ákvæði 17. gr. kjarasamnings frá 31. desember 1957 milli málsaðilja á þá lund, að útgerðarmanni sé skylt að tryggja skipstjóra, stýrimann og vélstjóra fyrir hverskonar slysförum og dauða af hvaða orsökum, sem slys hefur orðið, fyrir þá fjárhæð lögsta, sem nefnd grein mæli fyrir um, þ. e. kr. 250.000.00.

Þá krafðist stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Þegar stefndi tók til andsvara, gerði hann þær dómkröfur í greinargerð sinni I) að fyrri lið stefnukröfunnar yrði vísað frá dómi, en II) að stefndi yrði sýknaður af

siðari lið stefnukröfunnar varðandi skýringu á 17. gr. framangreinds kjarasamnings. Loks krafðist stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Í flutningi málsins óskuðu aðiljar þess, að sakarefni yrði skipt samkvæmt heimild 71. gr. einkamálalaganna, nr. 85/1936, og málið nú aðeins flutt að því er varðar siðari lið dómkrafna stefnanda, og hefur dómurinn samþykkt þá málsmeðferð og var málið því aðeins flutt munnlega að því er varðar ágreining um skilning á nefndri 17. gr.

Málavextir eru þessir:

Hinn 31. desember 1957 undirrituðu aðiljar máls þessa kjarasamning, og er 17. gr. hans svohljóðandi:

„Útgerðarmaður skuldbindur sig til þess að taka ábyrgðartryggingu fyrir skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra innan FFSÍ, sem eru í þjónustu hans, samkvæmt hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingar, og skulu þessar tryggingar miðaðar við lágmarksgreiðslu að upphæð kr. 250.000.00 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur, til þess manns, sem fyrir tjóninu verður eða til aðstandenda hans, ef um dauðaslys er að ræða.“

Einn félagsmanna stefnda, Guðmundur Jónsson, Rafnkelsstöðum, keypti samkvæmt ákvæðum nefndrar greinar, að því er hann taldi, ábyrgðartryggingu hjá Trygging h.f. í Reykjavík vegna skips síns m/b Rafnkels GK 510. Er ábyrgðarskirteinið gefið út 2. nóvember 1958, og tryggir váttryggingartaka „gegn þeirri einkaréttarábyrgð er hvílir á tryggingartaka“, „sem vinnuveitanda fyrir útgerð“, og er tryggingin ekki yfir krónur 400.000.00 fyrir hvern einstakan mann, sem verður fyrir meiðslum eða líftjóni.

Samkvæmt 1. gr. váttryggingarskilmálanna er váttryggingartaki tryggður „gegn þeirri skaðabótaskyldu, sem fellur á tryggðan samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenju“.

Hinn 6. janúar 1960 varð það slys, að m/b Rafnkell fórst í róðri ásamt allri áhöfn. Meðal þeirra sem fórust var Björn Antoníusson, en hann var stýrimaður á bátnum og félagsmaður Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar. Ekkert er um það vitað, með hvaða hætti m/b Rafnkell fórst, og þegar váttryggingarfélagið var krafðið um greiðslu váttrygg-

ingarfjár vegna fráfalls Björn sál., neitaði það greiðsluskyldu sinni á þeim grundvelli, að tryggingin næði ekki til slyss eins og þessa, þar sem ekki væri sýnilegt, að um nokkra skaðabótaskyldu væri að ræða af hálfu eiganda skipsins, er váttrygginguna keypti.

Stéttarfélag Björns heitins tók þá upp málið og krafðist bóta úr hendi eiganda m/b Rafnkels og byggði þá kröfu sína á því, að ákvæði 17. gr. framangreinds kjarasamnings hefðu lagt honum þá skyldu á herðar, að tryggja þá starfsmenn sína, er kjarasamingurinn tók til, gegn öllum slysum — hvort heldur á sjó eða landi, enda væru ákvæði þess efnis í öðrum kjarasamningum, sem Farmanna- og fiskimannasambandið stæði að, og bæri að skilja ákvæði 17. gr. kjarasamnings málsaðilja á þá lund. Eigandi m/b Rafnkels hefði því vanrækt skyldu sína samkvæmt nefndu samningsákvæði og yrði að svara til saka fyrir það brot á samningnum.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þessum skilningi stefnanda og neitar því, að eigandi m/b Rafnkels hafi á nokkurn hátt vanrækt samningsskyldur sínar samkvæmt 17. gr. samningsins. Hann hafi keypt þá ábyrgðartryggingu, sem þetta samningsákvæði mæli fyrir um, og sé með öllu óheimilt að leiða ríkari tryggingarskyldu af ákvæðum 17. gr. en þá, sem stefndi hafi keypt með framangreindri tryggingu.

Telja verður, að orðalag ákvæðis þess, sem um er deilt þ. e. 17. gr. kjarasamningsins, bendi eigi til viðtækari tryggingarskyldu af hálfu eiganda m/b Rafnkels, en þeirrar tryggingar, sem hann keypti og að framan er lýst, og hafa eigi komið fram í málinu önnur gögn, er bendi til hins gagnstæða. Er það og upp komið, að í samningsuppkasti, sem stefnandi sendi stefnda í byrjun nóvember árið 1957 við samningaumleitunir þær, sem leiddu til samningsins 31. des. s. á., hafði stefnandi sett í uppkastið svohljóðandi ákvæði, um skyldu útgerðarmanns til þess að tryggja starfsmenn sína.

„Útgerðarmaður vátbyggir skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra, sem eru í þjónustu þeirra, fyrir öllum slysum, sem

þá kann að henda, hvort þau verða um borð eða í landi fyrir kr. 200.000.00 miðað við dauða eða fulla örorku . . .“

Stefndi kveður, að þetta ákvæði hafi hann ekki fallizt á, heldur hafi verið samið um þessi mál með þeim hætti sem í 17. gr. kjarasamningsins greinir og vátryggingarskyldan takmörkuð við þá ábyrgðartryggingu, sem keypt var. En hartnær ári síðar hafi svo þetta ákvæði samningsuppkastsins verið tekið upp í kjarasamninga við aðra aðilja og geti það á engan hátt orðið lagt til grundvallar skyldu stefnda samkvæmt oftnefndri 17. gr.

Telja verður að þetta atriði styðji þá staðhæfingu stefnda, að eigi hafi við samningsgerðina hinn 31. desember 1957 verið samið um viðtækari tryggingu en þá, sem stefndi keypti. Ber því að þessu athuguðu og með vísun til þess sem áður var sagt um orðalag margnefndrar 17. gr., að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Landssamband íslenzkra útvegsmanna vegna Guðmundar Jónssonar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands f. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---